

11. gr.

Sérstakt bifreiðargjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugemymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.

F.h.r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 468 20. desember 1985, um innheimtu
þinggjalda á árinu 1986.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fyrstu tveim reglulegum gjalddögum þinggjalda á árinu 1986, þ. e. 1. febrúar og 1. mars, skal hver gjaldandi greiða 13% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985. Hinn 1. apríl og þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,67% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110 gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneyti, 28. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Höskuldur Jónsson.